

# Eystrahorn

22. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 11. júní 2020

www.eystrahorn.is

## Íþróttamaður USÚ fyrir árið 2019

Þann 2. júní síðastliðinn fór fram 87. ársþing USÚ en það fór fram í Stekkhól, félagsheimili Hestamannafélagsins Hornfirðings Þingið var vel sótt, 38 fulltrúar af 46 mættu og öll félög sendu fulltrúa. Til stóð að halda þingið þann 24. mars en í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 var þinginu frestað.

Jóhanna Íris Ingólfsdóttir, formaður USÚ, setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Það má segja að árið 2019 hafi verið viðburðaríkara en mörg önnur hjá stjórn USÚ. Lang fyrirferðarmesti viðburðurinn var Unglingalandsmótið sem haldið var á Höfn um verslunarmannahelgina. Einnig fóru formaður og gjaldkeri USÚ, auk framkvæmdastjóra Sindra í kynnisferð á vegum UMFÍ til Kaupmannahafnar á vordögum. Sú ferð heppnaðist afar vel og ýmis góð tengsl mynduðust við aðra úr hreyfingunni.

USÚ sendi fulltrúa sína á þá fundi og þing sem okkur bar, eins og sambandsþing UMFÍ og íþróttþing ÍSÍ. Tvennt bar helst til tíðinda frá sambandsþingi UMFÍ. Í fyrsta lagi það að samþykktar voru tillögur þess efnis að íþróttabandalögin, þ.e. ÍBR, ÍA og ÍBA fengu inngöngu í UMFÍ. Það opnar líka dyrnar fyrir hin íþróttabandalögin, ÍRB, ÍS, ÍBH og ÍBV. Við þetta fjölgaði félögum í ungmennafélagshreyfingunni mjög mikið. Það bar einnig til tíðinda að Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, náði kjöri í aðalstjórn UMFÍ, þar sem hann situr nú sem ritari samtakanna. Eftir því sem við komumst næst hefur USÚ aldrei áður átt fulltrúa í aðalstjórn UMFÍ.

Ein tillaga þingsins fól í sér hvatningu til ungmennafélaga til að fjölmenna á 23. Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Selfossi um verslunarmannahelgina og einnig hvatningu til að taka þátt í almenningu íþróttaverkefnum á vegum UMFÍ og ÍSÍ.

Gleðilegasta tillaga þingsins var þó líklega sú að Klifurfélag Öraefa, KFÖ, var samþykkt sem aðildarfélag USÚ. Því er virk aðildarfélag orðin átta talsins. Klifurfélaginu eru hér með sendar hamingjuóskir með inngönguna.

Formaður og gjaldkeri gáfu kost á sér til endurkjörs og voru endurkjörin. Kristján Örn Ebenezarson, ritari, gaf ekki kost á sér áfram og í hans stað var kosinn Jón Guðni Sigurðsson,

Sindra. Varamenn gáfu kost á sér áfram. Nýja stjórn skipa því: Jóhanna Íris Ingólfsdóttir, formaður, Jón Guðni Sigurðsson, ritari, og Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri. Ásta Steinunn Eiríksdóttir og Hjálmar Jens Sigurðsson eru varamenn.

Pálma Guðmundssyni, fyrrverandi formanni Hestamannafélagsins Hornfirðings var veitt starfsmerki UMFÍ fyrir gott og ötult starf í þágu félagsins. Jafnframt var tilkynnt að Þorbjörg Gunnarsdóttir, sem um árabíl var gjaldkeri Hestamannafélagsins og einnig USÚ um tíma, myndi hljóta starfsmerki, auk þess sem Bryndís Björk Hólmarsdóttir sem var m.a. formaður Hestamannafélagsins á undan Pálma myndi einnig hljóta starfsmerki. Íþróttamaður USÚ fyrir árið 2019 var útnefndur á þinginu auk þess sem fimm ungir iðkendur hlutu hvatningarverðlaun USÚ.

### Íþróttamaður USÚ árið 2019 er Þorlákur Helgi Pálmason

Þorlákur Helgi Pálmason er fyrirliði meistaraflokks karla og algjör lykilmáður bæði innan vallar sem utan. Helgi, eins og hann er yfirleitt kallaður, er metnaðarfullur og hefur lagt hart að sér í gegnum árin. Þrátt fyrir erfið meiðsli að undanförunu gefur hann allt í fótboltann, hann mætir á allar æfingar og hjálpar til við allt sem þarf að gera. Hann er frábær fyrirmynd fyrir strákana í liðinu og heldur mórálnum uppi. Það þyrfu allir að hafa einn Þorlák Helga í liðinu sínu.

### Hvatningarverðlaun hlutu:

Freyr Sigurðsson er ungur og efnilegur strákur sem er a yngra ári í 3. flokki karla hjá Sindra. Hann er duglegur og leggur sig allan fram á æfingum. Í byrjun mars var Freyr valinn í 29 manna æfingahóp U15 ára landsliðsins. Hann stóð sig vel á æfingunum og var Sindramönnum til sóma. Freyr kom inná í æfingaleik meistaraflokks Sindra fyrir síðustu helgi og gaf leikmönnum meistaraflokks ekkert eftir þrátt fyrir ungan aldur.

Hermann Þór Ragnarsson er ungur



Þorlákur Helgi Pálmason, íþróttamaður USÚ 2019 og Jóhanna Íris Ingólfsdóttir, formaður USÚ. Mynd: SÓJ

efnilegur fótboltamaður sem er að stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki karla, hann kom við sögu í nokkrum leikjum hjá meistaraflokki á seinasta tímabili þrátt fyrir ungan aldur. Hermann leggur hart á sér innan vallar sem utan og sýnir það að hann á fullt erindi í meistaraflokk karla.

Kjartan Jóhann R. Einarsson er mjög duglegur drengur. Hann er ávallt tilbúinn að hjálpa til með hvaða verkefni sem er. Hann var meðal annars valinn Sindramaður ársins í fyrra fyrir metnað og dugnað í öllu því sem hann tók sér fyrir hendur. Kjartan er að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki og er framtíðin björt hjá honum.

Selma Ýr Ívarsdóttir er efnileg frjálfsíþrottakona sem sýnir einstakan metnað við æfingar sínar. Hún mætir á allar æfingar og tekur þátt í öllu sem viðkemur frjálfsíþróttadeildinni

og er afar góð fyrirmynd. Selma varð m.a. í 1. sæti í 80m grindahlaupi og 3. sæti í 800m hlaupi á Unglingalandsmóti 2019 og ofarlega í þeim keppnisgreinum sem hún tók þátt í. Selma gat því miður ekki verið viðstödd, en Anna Björk Kristjánsdóttir, móðir Selmu, tók við viðurkenningunni fyrir hennar hönd.

Sigurður Guðni Hallsson hefur undanfarin ár verið einn af máttárstólpum í meistaraflokki Sindra í körfuknattleik þrátt fyrir ungan aldur. Hann hefur vaxið ár frá ári sem leikmaður og nú tvö síðastliðin ár verið valinn varnarmaður ársins hjá Sindra. Einnig er hann þekktur fyrir að gefa alltaf 110% í leikinn og vera fyrirmynd utan sem innan vallar.

Tekið af www.usu.is



Allir handhafar hvatningarverðlauna auk íþróttamanns USÚ 2019. Frá vinstri: Sigurður Guðni, Hermann Þór, Freyr, Þorlákur Helgi og Kjartan Jóhann. Á myndina vantar Selmu Ýr Ívarsdóttur. Mynd: SÓJ

Hægt er að nálgast blaðið og allar greinar á [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)

## Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

### Gönguvikan Ekki lúra of lengi

Markmið ferðanefndar var að velja gönguleiðir sem henta fyrir alla: þá sem kjósa léttar gönguleiðir og þá sem vilja krefjandi leið. Hæfileg hreyfing er holl fyrir alla og það er gaman að kynnast nýju fólki í gönguferð eða rifja upp gömul kynni. Við hlökkum til að ganga með ykkur og hvetjum ykkur til að grípa með nesti: það er alltaf gaman að tylla sér niður, njóta útsýnisins og fá sér bita. Þátttökugjald í gönguferðum félagsins er 1.000 krónur á mann, 1.500 fyrir þör og frítt fyrir 16 ára og yngri. Sé hundur í hópnum skal taumur vera til taks. Hingað til höfum við hvatt fólk til að sameinast í bíla en auðvitað vilja sumir halda sig í 2ja metra fjarlægð núna og við hvetjum alla til að hafa það eins og ykkur líður best með. Gönguhópur er góður félagsskapur, komdu með!



**Fimmtudagur, 11.júní.** Kvíarmýrarkambur í Öræfum, 1 skór. Mæting við áningarstað Vegagerðarinnar við Kvía í Öræfum (afleggjari vestan við ána). Sigrún Sigurgeirsdóttir leiðir gönguna, s:864-5456 fyrir þá sem vilja hafa samband fyrirfram (hikið ekki við að hringja). Leiðin er um 5,5 km löng, en það er einfalt að stytta hana (miðað er við að gangan taki innan við tvo tíma, hraði og vegalengd verður sniðinn að þeim sem mæta). Hækkunin er mjög lítil.

**Föstudagur, 12.júní.** Gengið umhverfis stöðuvatn ofan við Smyrlabjörg í Suðursveit, 1 skór. Mæting við hótél Smyrlabjörg kl.18. Sigrún Sigurgeirsdóttir leiðir gönguna, s:864-5456. Hringurinn umhverfis vatnið er um 4,5 km langur og það er lítil hækkun (við miðum við að aka upp að vatninu).

**Laugardagur, 13.júní.** Gengið fyrir Horn í Nesjum, 1-2 skór. Lagt af stað frá tjaldsvæði á Höfn kl.10. Hrafn Heimisson leiðir gönguna. Gangan hefst Fjarðar megin því leiðin er léttari með því móti, aflíðandi niðurvíð.

**Sunnudagur, 14.júní.** Skálatindar í Nesjum, 3 skór. Lagt af stað frá tjaldsvæði á Höfn kl. 10. Jón Bragason leiðir gönguna. Þetta er krefjandi ganga, hæsti tindurinn er 812 metra þannig að hækkunin verður tæplega 700 metrar, en útsýnið er göngunnar virði.

Að lokum viljum við minna á vinnuferð í Kollumúla sem er fyrirhuguð 17.júní. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt hafi samband með SMS eða símtali við Möggu sem veitir nánari upplýsingar, s. 868-7624.



## Frumherji

### Bifreiðaskoðun á Höfn 22., 23. og 24. júní.

Tímappantaniir í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 19. júní.  
Næsta skoðun 13., 14., og 15. júlí.

## Frumherji

*Þegar vel er skoðað*



### 17. júní hátíðarhöld á Höfn

13:00 Blöðrusala við Olís

14:00 Skrudganga leggur af stað frá Olís að miðsvæðinu.

Lúðrasveitin leiðir gönguna.

### Dagskrá á miðsvæðinu

Ávarp fjallkonu

Ávarp nýstúdents

Söngatriði

Fimleikasýning

Hoppukastalar

Grillaðar pylsur

Sápubolti

Andlitsmálun

Sölubásar

UMF. Sindri



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: .....Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Eystrahorn Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur  
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

## Starfsmenn í þrif

Skinney – Þinganes hf óskar eftir að ráða  
starfsmenn í þrif á vinnslulínunum.

Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu.  
Miðað er við að vinna hefjist kl 15:00.

Frekari upplýsingar veitir Gunnar  
Ásgeirsson vinnslustjóri í síma  
470-8111 og í tölvupósti  
gunnaras@sth.is.



# Ný stjórn Félags eldri Hornfirðinga

Aðalfundur Félags eldri Hornfirðinga var haldinn laugardaginn 6. júní í Ekru. Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf og gengu vel fyrir sig. Þrír stjórnarmenn kvóddu stjórn, m.a. formaðurinn Haukur H. Porvaldsson, Sigurður Örn Hannesson ritari og Katrín Jónsdóttir. Nýr formaður var kjörinn Guðbjörg Sigurðardóttir. Nýir í stjórn eru Hrefna Magnúsdóttir og Eiríkur Sigurðsson. Aðrir í stjórn eru: Lucía Óskarsdóttir, Svava Kristbjörg Guðmundsdóttir, Hafdís Gunnarsdóttir og Kristín Einarsdóttir. Ályktað var á fundinum um að huga að lágmarks tannlæknaaðstöðu í hjúkrunarheimilum. Um 40 félagar mættu til fundar.



Ný stjórn Félags eldri Hornfirðinga

## NÚ ER KNATTSPYRNUTIMABILID HAFID OG HEIMALEIKIR SINDRA Í JÚNÍ OG JÚLÍ VERÐA SEM HÉR SEGIR:

FÖS. 19. JÚNÍ	15:00	4. FL. KVK	SINDRI/NEISTI - ÁLFTANES	MÍÐ. 08. JÚLÍ	19:00	3. DEILD KK	SINDRI - ÆGIR
FÖS. 19. JÚNÍ	16:30	4. FL. KK	SINDRI/NEISTI - ÁLFTANES	FIM. 09. JÚLÍ	17:00	4. FL. KK	SINDRI/NEISTI - BREIÐABLIK 2
LAU. 20. JÚNÍ	16:00	3. DEILD KK	SINDRI - KFG	MÁN. 13. JÚLÍ	15:00	4. FL. KK	SINDRI/NEISTI - ÍBV
SUN. 21. JÚNÍ	14:00	2. FL. KK	ÍBV/KFS/SINDRI - AUSTURLAND	ÞRI. 14. JÚLÍ	17:00	4. FL. KVK	SINDRI/NEISTI - RKV
MÁN. 22. JÚNÍ	17:00	4. FL. KK	SINDRI/NEISTI - KFR	ÞRI. 14. JÚLÍ	19:00	2. DEILD KVK	SINDRI - FJARÐAB./HÖTTUR/LEIKNIR
FÖS. 26. JÚNÍ	17:00	5. FL. KK	SINDRI/NEISTI - VÖLSUNGUR	LAU. 18. JÚLÍ	12:30	3. FL. KK	SINDRI/NEISTI - GRÓTTA/KRÍA
LAU. 27. JÚNÍ	16:00	4. FL. KVK	SINDRI/NEISTI - GRÓTTA	LAU. 18. JÚLÍ	16:00	3. DEILD KK	SINDRI - KV
SUN. 28. JÚNÍ	14:00	2. DEILD KVK	SINDRI - ÁLFTANES	SUN. 19. JÚLÍ	16:00	2. DEILD KVK	SINDRI - FRAM
LAU. 04. JÚLÍ	16:00	3. DEILD KK	SINDRI - ELLIÐI	ÞRI. 28. JÚLÍ	18:00	2. DEILD KVK	SINDRI - HK
SUN. 05. JÚLÍ	16:00	3. FL. KK	SINDRI/NEISTI - ÍR/LÉTTIR	MÍÐ. 29. JÚLÍ	17:00	3. FL. KK	SINDRI/NEISTI - BREIÐABLIK 2



ALLIR Á VÖLLINN OG ÁFRAM SINDRI.

## Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir forsetakosningar 27. júní 2020

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á sjúkrastofnunum og fangelsum í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi, fyrir forsetakosningar 27. júní 2020



### Einungis ætluð þeim sem dvelja á viðkomandi stofnunum

#### Selfoss og nágrenni:

- Fangelsið Sogni, Ölfusi föstudaginn 19. júní kl. 13:00 – 14:00
- Sólheimar í Grímsnesi miðvikudaginn 24. júní kl. 13:00 – 14:00
- Þjónustumiðstöð aldraðra Grænumörk 5, Selfossi fimmtudaginn 25. júní kl. 10:00 – 11:00
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands Selfossi, sjúkra- og hjúkrunardeildir föstudaginn 26. júní 10:00-12:00

#### Eyrarbakki:

- Dvalarheimilið Sólvellir, Eyrarbakka þriðjudaginn 16. júní kl. 10:30 – 11:30
- Fangelsið Litla Hrauni, Eyrarbakka fimmtudaginn 18. júní kl. 09:30 – 10:30

#### Hveragerði:

- Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hverahlíð 20 þriðjudaginn 23. júní kl. 09:30 – 11:30
- Heilsustofnun NLFÍ mánudaginn 22. júní kl. 13:00-14:00

#### Hella:

- Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili þriðjudaginn 23. júní kl. 13:00-14:00

#### Hvolsvöllur:

- Kirkjuhvoll, hjúkrunar- og dvalarheimili þriðjudaginn 23. júní kl. 10:00-11:00

#### Vík:

- Hjallatún, dvalarheimili mánudaginn 22. júní kl. 10:00-11:00

#### Kirkjubæjarklaustur:

- Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili mánudaginn 22. júní kl. 14:00-15:00

#### Höfn:

- Skjólgarður, dvalarheimili þriðjudaginn 23. júní kl. 13:00-14:30

Bent er á vefsíðurnar [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is) og [www.kosning.is](http://www.kosning.is), þar sem nálgast má eyðublöð og allar nauðsynlegar upplýsingar vegna komandi kosninga.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

# ALLT TIL ALLS Í NÆSTU NETTÓ!

Hrossafille

**1.160** KR/KG  
ÁÐUR: 2.899 KR/KG

-60%



-35%

Kalkúnasneiðar

Ísflugl

**1.975** KR/KG  
ÁÐUR: 3.039 KR/KG



-40%

Lambalærissneiðar

Kryddaðar

**1.739** KR/KG  
ÁÐUR: 2.899 KR/KG



-40%

Lambasirloinsneiðar

Villikryddaðar

**1.499** KR/KG  
ÁÐUR: 2.499 KR/KG



-30%

Chillipipar borgarar

2x120 gr

**559** KR/PK  
ÁÐUR: 799 KR/PK

KJÖTSEL



ÓDÝRT OG GÓMSÆTT  
Á GRILLIÐ UM HELGINA!

-50%

Lambaframpartssneiðar

Kryddaðar

**1.300** KR/KG  
ÁÐUR: 2.599 KR/KG



-40%

Berlínarbolla

**59** KR/STK  
ÁÐUR: 99 KR/STK



-35%

Durum brauð

**259** KR/STK  
ÁÐUR: 399 KR/STK



Mangó

400 gr

**487** KR/PK  
ÁÐUR: 649 KR/PK

-25%

Tómatar - 5 tegundir

Verð frá:

**321** KR/PK

-30%



nettó

Lægra verð - léttari innkaup



VERSLAÐU Á NETINU  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda 11. - 14. júní

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.  
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval  
getur verið breytilegt milli verslana.